



Nefndarsvið Alþingis
B.t. Hildar Edwald
Reykjavík, 18. mars 2019

Umsögn WOW air, stjórnar Íslenska flugmannafélagsins (ÍFF) og öryggisnefndar Íslenska flugmannafélagsins (ÖÍFF) um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar. 86. mál.

Við forsvarsmenn WOW air, ÍFF og öryggisnefndar þess þökkum fyrir tölvupóst dagsettan 7.mars 2019 frá Hildi Edwald skjalaritara skrifstofu Alþingis Íslands, nefndarsviði, þar sem okkur er gefið tækifæri til umsagnar um þingsályktun þess efnis hvort efna skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar.

Fyrir það fyrsta er það mat okkar að málefni Reykjavíkurlugvallar séu ekki einkamál höfuðborgarinnar, heldur alls landsins og þess vegna er þjóðaratkvæðagreiðsla þjóðþrifamál. Sem dæmi á ríkið meirihluta landsins undir flugvellinum og af þeim sökum hlýtur þjóðin að þurfa hafa lokaorð um framtíð Reykjavíkurlugvallar, en ekki bara Reykjavíkurbúar.

Sem varavöllur gegnir Reykjavíkurlugvöllur miklu ábyrgðarhlutverki, ekki bara fyrir flugrekstur WOW air, heldur alla sem starfrækja flug til og frá Íslandi.

Akureyri og Egilsstaðir eru afar góðir kostir sem varavellir fyrir Keflavíkurlugvöll. Um það er ekki deilt. Hins vegar getur hvor völlurinn um sig einungis rúmað 4-6 flugvélar á flughlöðum sínum hverju sinni, af þeirri stærð er WOW air notar. Komi t.a.m. til hamfara, hverjar sem þær kynnu að verða, eldgos gott dæmi eða nauðlending á Keflavíkurlugvelli, rúmar Reykjavíkurlugvöllur mun fleiri flugvélar en bæði Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllur til samans eða um 15 flugvélar.

Út frá hagkvæmnissjónarmiðum er Reykjavíkurlugvöllur einnig mikilvægur því hann gæti skilið á milli þess að bera aukaeldsneyti fyrir flug til Reykjavíkur annars vegar og Akureyrar, Egilsstaða eða varavalla á Bretlandseyjum hins vegar.

Út frá umhverfissjónarmiðum skiptir Reykjavíkurlugvöllur máli þar sem varaeldsneytisbirgðir eru töluvert lægri ef notast er við hann sem varaflugvöll en ef notast er við aðra velli innanlands eða utan. Lauslega má áætla að um sé að ræða að eldsneytiseyðsla flugvélaflota WOW air myndi aukast um 1.140.000 lítra á ári, nyti flugvallarins ekki við.

Fyrirnefndir útreikningar eru varlega áætlaðir með Akureyrar- og Reykjavíkurlugvöll sem varavelli og miðað er við að 10% af núverandi flota félagsins noti Reykjavík sem varaflugvöll. Reykjavíkurlugvöllur hefur oft komið í veg fyrir að flugvélar hafi þurft að nota varavelli á Bretlandseyjum, og sem dæmi, þá myndi hver flugvél sem nota þyrfti Glasgow sem varaflugvöll að taka 5500 lítra aukalega af eldsneyti fyrir hvert flug.



Tölfræði sýnir að umtalsverður munur getur verið á veðri milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkurflugvallar, á hvorn veginn sem er. Nálægð flugvallanna hvor við annan og þessi mikli munur í veðri hefur oft á tíðum skipt sköpum þegar veður hafa snögglega orðið válynd á öðrum velli en haldist skapleg á hinum.

Landfræðilega séð er Vatnsmýrin ein besta staðsetningin fyrir flugvöll á höfuðborgarsvæðinu m.t.t. stofnanna og Landspítalans. Það er ekki að ástæðulausu að Bretar völdu Vatnsmýri sem flugvallarstæði á sínum tíma. Má telja að veðurfarslega séð og hæð vallarins yfir sjávarmáli hafi mikið um staðarvalið að segja. Reykjavíkurflugvöllur er ekki eini flugvöllurinn í heiminum sem er í nálægð við þéttbýli. Nægir að nefna Boston, Edinborg, Brommaflugvöll í Stokkhólmi og Cityflugvöllinn í London.

Við erum sammála umræddri þingsályktunartillögu um að ef komi til færslu flugvallarins til annars og mögulega betri staðar (sé hann þá til), þurfi fyrst að byggja fullbúinn flugvöll á nýja staðnum áður en hægt er að leggja Reykjavíkurflugvöll niður í núverandi mynd, líkt og gert var í tilfalli Fornebu og Gardermoen hjá nágroñnum okkar í Noregi.

Efnahagslega teljum við heldur ekki skynsamlegt að byggja nýjan flugvöll í nágrenni Reykjavíkur. Fyrir mun minni tilkostnað yrði peningunum betur varið í uppbyggingu núverandi flugvallar t.d. með lengingu austur/vestur brautarinnar út í Ægissíðuna, breikkun sömu brautar og byggingu fyrirhugaðrar samgöngumiðstöðvar.

Að öllu ofansögðu teljum við augljóst að þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta brýna samgöngumál þurfi að fara fram sem fyrst svo nást megi varanlegur friður um Reykjavíkurflugvöll allra landsmanna.

Með vinsemd og virðingu,

Arnar Már Magnússon
Framkvæmdastjóri
flugrekstrarsviðs WOW air

Vignir Örn Guðnason
Formaður Íslenska
flugmannafélagsins

Arnar Rúnar Árnason
Formaður Öryggisnefndar
Ísl. flugmannafélagsins